



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga að reglum um þjónustu við börn og barnafjölskyldur

Á fundi velferðarráðs 5. febrúar sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga að samþykkt nýrra reglna Reykjavíkurborgar um þjónustu við börn og barnafjölskyldur:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.
Greinargerð fylgir tillögu.

Tillagan var samþykkt með þeirri breytingu að í stað orðsins barnaverndarmál í fylgiskjali 2 undir fyrirsögninni 1. Neyðarástand komi "til meðferðar hjá Barnavernd Reykjavíkur."

Eftirfarandi bókanir voru lagðar fram:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er fagnaðarefni að nýjar reglur um þjónustu við börn og barnafjölskyldur séu nú samþykktar en þær hafa það að markmiði að styrkja stuðningsnet barna og fjölskyldna þeirra í Reykjavík. Reglurnar byggja á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og barnaverndarlögum, nr. 80/2002. Áhersla er á að heildaraðstæður fjölskyldu séu metnar með fjölskyldumeðlimum og að leitað sé fjölbreyttra leiða til að veita þann stuðning sem óskað er eftir. Stuðningur verði fjölbreyttur og veittur bæði innan heimilis og utan eftir hvað hentar hverju sinni. Hér eru mörg tækifæri til samsköpunar og þróunar þjónustu þannig að hún henti mismunandi þörfum fólks og styðji það í leik og starfi og stuðli að því að fleiri borgarbúar geti látið drauma sína rætast.

Fulltrúi Sósíalístaflókks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér eru lagðar fram breytingar á reglum um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra, í minnisblaði með tillögunni kemur fram að grundvallarbreytingar snúi að því að leggja aukna áhersla á samvinnu við umsækjanda um það hvers konar stuðningur komi fjölskyldunni til góða og að horfið sé frá því að stuðningsþörf sé metin á grundvelli stiga sem ákvarði fjölda klukkustunda sem börn og fjölskyldur þeirra fái í stuðning. Þar kemur fram að ný nálgun sé talin geta dregið betur fram stuðningsþarfir barna og fjölskyldu þeirra og að áhersla sé lögð á að einfalda alla umsýslu varðandi umsóknir og samþykktir til hagsbóta fyrir notendur. Fulltrúi Sósíalístaflókksins fagnar þeirri nálgun. Í reglunum þar sem fjallað er um forgangsröðun umsókna kemur fram að þær raðist í forgangsröð á grundvelli ákveðinna viðmiða. Þar kemur fram að ef fyrirséð sé að stuðningurinn geti ekki hafist innan þriggja mánaða skuli umsókn sett á biðlista. Umsækjandi er þá upplýstur um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi til boða á biðtímanum sbr. ákvæði reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu, nr. 1035/2018. Hér er um gríðarlega mikilvæga þjónustu að ræða og mikilvægt að leita allra leiða svo að töf verði ekki á veittum stuðningi.

Tillagan er hér með send borgarráði til afgreiðslu.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda. Reglurnar sem eru meðfylgjandi, hafa verið uppfærðar í samræmi við samþykkt velferðarráðs.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

Greinargerð:

Reglur þessar fjalla um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra sem veita á þeim með ýmsum hætti. Markmið stuðningsins er að styrkja stuðningsnet fjölskyldunnar svo hún sé betur í stakk búin til að takast á við uppeldishlutverkið.

Reglurnar byggja á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og barnaverndarlögum, nr. 80/2002.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Kostnaðarmat fylgir tillögunni.

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað, dags. 29. janúar 2020
2. Drög að reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur.



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.*

I. Lagagrundvöllur.

Í meðfylgjandi drögum að reglum um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra er fjallað um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita samkvæmt ákvæðum **VII. og VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.**

Í **VII. kafla** er fjallað um stuðningsþjónustu, sem áður kallaðist félagsleg heimaþjónusta. Í breytingum sem gerðar voru á lögnum á síðasta ári fólst jafnframt það að aðstoð skuli einnig veita utan heimilis en ekki eingöngu inni á heimilinu eins og áður. Þá er sett það almenna viðmið að þjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga skuli nema allt að 15 klukkustundum á viku en ef um aukna þjónustupörf er að ræða skuli fara með þjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Í **VIII. kafla laga** um félagsþjónustu sveitarfélaga er fjallað um málefni barna og ungmenna en þar kemur m.a fram að félagsmálanefndum sé skylt að gæta velferðar og hagsmuna barna og ungmenna í hvívetna og sjá til þess að þau fái notið hollra og þroskavænlegra uppeldisskilyrða.

Þá er byggt á ákvæðum **laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.** Í **8. gr.** laganna er fjallað um stoðþjónustu (áður nefnd stuðningsþjónusta) og þær þarfir sem hún skal miðast við. Um er að ræða þá þjónustu sem fötluðu fólki er nauðsynleg til þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar þannig að það standi til jafns við aðra og komið verði í veg fyrir félagslega einangrun þess. Þá er byggt á ákvæðum **IV. kafla** laganna sem fjallar um þjónustu við fötluð börn og foreldra þeirra, sbr. þá þjónustuþætti sem tilgreindir eru í 4. gr. reglnanna.

Að lokum er byggt á ákvæðum **barnaverndarlaga nr. 80/2002** en í **24. gr.** er fjallað um úrræði með samþykki foreldra og í **85.** er fjallað um stuðningsfjölskyldur.

II. Efni reglnanna

Í drögum að reglum þessum er fjallað um þann stuðning sem veittur er foreldrum eða forsjáraðilum barna svo að þeir geti búið börnum sínum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði. Einnig er þar fjallað um þjónustu fyrir þau börn sem þurfa aðstoð vegna fötlunar, skerðinga og/eða félagslegra aðstæðna með það að markmið að styrkja stuðningsnet fjölskyldunnar. Stuðningur er veittur bæði innan heimilis og utan . Um er að ræða eftirfarandi þjónustubætti:

- Foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf.
- Námskeið.
- Hópastarf fyrir 6-18 ára börn.
- Einstaklingsstarf fyrir 6-18 ára börn.
- Stuðningsfjölskyldur fyrir 0-18 ára börn.
- Skammtímadvalir fyrir fötluð börn og/eða börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir, 0-18 ára.
- Heimili fyrir fötluð börn og/eða börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir, 0-18 ára.

Umsækjandi um stuðning þarf að uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt mati á þjónustubörf. Við matið er m.a. horft til eftirfarandi atriða til að fá heildarmynd af stuðningsþörfum barns og fjölskyldu, sbr. ákvæði 4. gr. reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu:

- Færni, getu og styrkleika.
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni.
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu á þjónustu hafi fyrir umsækjanda.
- Annars stuðnings sem viðkomandi fær.

Lögð er áhersla á að vinna við matið og val á stuðningi fari fram í samvinnu við umsækjanda og taki mið af þörfum fjölskyldunnar. Við matið er horft til heildaraðstæðna fjölskyldunnar og skipulags daglegs lífs með það að markmiði að styðja fjölskylduna til að leita sem bestu mögulegu lausna hverju sinni. Gerð er sérstök áætlun eftir aðstæðum hverju sinni og skal samþykkja stuðning í fyrsta sinn til þriggja mánaða og meta fyrirkomulagið að þeim tíma loknum. Meta skal árangur af stuðningi eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti og í kjölfar þess skulu gerðar viðeigandi breytingar eða stuðningi lokið. Þegar breytingar verða á högum og aðstæðum skal endurmeta stuðningsþörf og ef hún er viðvarandi þarf ekki að sækja um að nýju heldur ber að endurnýja áætlun á tveggja ára fresti.

Samþykktar umsóknir raðast í forgangsröð en ef fyrirjábanlegt er að stuðningurinn geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsóknin sett á biðlista. Slíkt ákvæði er í samræmi við reglugerð um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu, nr. 1035/2018.

Málsmeðferðarreglur í IV. kafla eru í samræmi við málsmeðferðarkafla annarra reglna sem í gildi eru um þjónustu á vegum velferðarsviðs.

Forgangsröðun byggist á matsviðmiðum sem fram koma á fylgiskjali 1 með reglunum.

III. Helstu breytingar frá eldri reglum:

Í núgildandi reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík er stuðningsþjónusta skilgreind sem:

- Persónuleg ráðgjöf: Félagslegur stuðningur vegna samfélagsþátttöku út frá forsendum og markmiðum hvers og eins.
- Tilsjón: Aðstoð/leiðsögn til foreldra/forsjáraðila við uppeldi og aðbúnað barna.
- Liðveisla: Félagslegur stuðningur vegna samfélagsþátttöku út frá forsendum og markmiðum hvers og eins.
- Frekari liðveisla: Aðstoð vegna aukinna þjónustubarfa sakir fötlunar (veitt til fullorðinna fatlaðra einstaklinga).
- Stuðningsfjölskylda: Móttaka barns eða barna til dvalar á heimili stuðningsfjölskyldu með það að markmiði að styðja foreldra í forsjárhlutverki, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet hlutaðeigandi barns eftir því sem við á

Hugtökin persónuleg ráðgjöf, tilsjón og liðveisla falla nú út og þess í stað er horft til foreldrafræðslu og uppeldisráðgjafar, námskeiða fyrir börn og foreldra þeirra, einstaklingsstarfs og hópastarfs. Auk þess munu reglurnar taka til skammtímadvalar fyrir fötluð börn/eða börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir og heimili fyrir fötluð börn/og eða börn með alvarlegar þroska og geðraskanir. Gert er ráð fyrir að unnt verði að veita stuðning inn á heimili í stað dvalar barns utan heimilis sé þess óskað.

Núgildandi reglur um stuðningsþjónustu í Reykjavík voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 30. maí 2012 og á fundi borgarráðs þann 7. júní 2012. Samhliða tillögu þessari er lögð fram tillaga um að fella á brott þau ákvæði í núgildandi reglum um stuðningsþjónustu sem fjalla um sömu þjónustu og fjallað er um í reglum um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Um er að ræða ákvæði um stuðningsfjölskyldur og ákvæði um stuðning sem jafna má til persónulegrar ráðgjafar og tilsjónar.

Í núgildandi reglum er mati þannig háttað að í öllum þáttum þess er að finna stigagjöf sem felur í sér hversu mikla þörf umsækjandi hefur fyrir þjónustu eða aðstoð í klukkustundum talið. Grundvallarbreytingar frá núgildandi reglum felast í því að ríkari áhersla verður lögð á samvinnu við umsækjanda um það hvers konar stuðningur komi fjölskyldunni til góða og horfið frá því að stuðningsþörf sé metin á grundvelli stiga sem ákvarða fjölda klukkustunda sem börn og fjölskyldur þeirra fá í stuðning. Ný nálgun er talin geta dregið betur fram stuðningsþarfir barna og fjölskyldu þeirra. Áhersla er lögð á að einfalda alla umsýslu varðandi umsóknir og samþykktir til hagsbóta fyrir notendur.

Núverandi þjónustubáttum er breytt með það að markmiði að koma betur til móts við þarfir fjölskyldna. Stuðningur er veittur alla daga frá kl. 7 – 23 en þó er ávallt tekið mið af þörfum fjölskyldunnar. Um er að ræða hefðbundinn vökutíma fjölskyldu og því er ekki gert ráð fyrir að veitt sé næturþjónusta nema í algjörum undantekningartilfellum, svo sem vegna alvarlegra veikinda eða mjög sérstakra aðstæðna. Breyting verður á fjölda sólarhringa sem heimilt er að veita til dvalar hjá stuðningsfjölskyldu. Fram kemur að leitast skuli við að veita barninu þjónustu inn á heimili þess eins og kostur er. Ef mál er hins vegar til vinnslu hjá Barnavernd Reykjavíkur er um að ræða sjö sólarhringa að hámarki, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002. Í framlögðum regludrögum er nú kveðið á um stuðning sem ekki er tiltekinn í núgildandi reglum. Um er að ræða hópastarf og námskeið sem veitt er börnum og foreldrum þeirra.

Með tilkomu nýrrar starfseiningar, Keðjunnar, sem tók formlega til starfa þann 1. janúar 2020 verður framkvæmd þjónustunnar skipulögð frá einum stað þvert á borgina. Með því móti næst heildrænni yfirsýn yfir þjónustubarfir og aukið jafnræði verður tryggt við veitingu þjónustunnar, óháð búsetu.

Samhliða gildistöku reglnanna tekur til starfa starfshópur sem settur verður með sérstöku erindisbréfi sem hefur það hlutverk að innleiða reglurnar hjá öllum þjónustumiðstöðvum og

Barnavernd Reykjavíkur og styðja við notkun matsviðmiðanna og samræma forgangsröðun mála.

IV. Umsagnir hagsmunaaðila

Fulltrúar eftirfarandi aðila voru boðaðir á fundi sem haldnir voru þann 8. og 15. nóvember 2019. Markmið fundanna var að kynna og ræða drög að reglum um stuðningsþjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra sem send höfðu verið út fyrir fundinn.

Leitað var umsagna með formlegum hætti til eftirfarandi hagsmunaaðila:

- ADHD samtakanna.
- Aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks.
- Einhverfusamtakanna.
- PEPP samtakanna.
- Sjónarhóls.
- Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.
- Umhyggju - félags langveikra barna.
- Vímulausrar æsku.
- Þroskahjálpar.
- Öryrkjabandalagsins.

Í lok funda var viðkomandi boðið að senda inn skriflegar athugasemdir.

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks lagði fram eftirfarandi bókun á fundi þann 21. nóvember 2019:

Aðgengis- og samráðsnefnd þakkar starfsfólki velferðarsviðs fyrir kynninguna. Nefndin telur að nýtt regluverk sé mjög til bóta fyrir málaflokkinn og telur að sú notendamiðaða nálgun sem kemur fram í drögnum sé mikilvægt skref í rétta átt.

Af hálfu **Þroskahjálpar** var bent á tvö atriði. Bent var á varðandi skammtímadvöl að mikilvægt væri að leitast alltaf við að veita þjónustu inn á heimili og að skammtímadvöl verði eingöngu í boði þegar því verði ekki við komið. Vísað var til réttar barns til að alast upp með fjölskyldu sinni en samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks teljist skammtímadvöl til stofnunar. Auk þess þyrfti að skýra hvað dvöl í skammtí mavistun og dvöl hjá stuðningsfjölskyldu geti varað lengi því hægt væri að túlka reglurnar þannig að unnt sé að bjóða 15 sólarhringa í skammtí mavistun og 15 sólarhringa hjá stuðningsfjölskyldu.

Af hálfu **Umhyggju – félags langveikra barna**, var bent á að um mjög jákvæðar breytingar væri að ræða. Lagt var til að bætt yrði inn í 2. gr. að stuðningurinn væri fyrir þær fjölskyldur þar sem um langvinn veikindi barna væri að ræða.

Tekið var tillit til framangreindra athugasemda.

V. Kostnaðarmat

Fjöldi barna í þjónustu hjá velferðarsviði er um 1.426 þegar allir þeir þjónustubættir eru skoðaðir sem reglur um stuðningsþjónustu ná til. Um 723 börn bíða þjónustu en hluti þeirra gæti þó verið að fá ákveðna þjónustu meðan á bið stendur.

Við gerð kostnaðarmats vegna nýrra reglna Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra er fjárhagsáætlun 2020 lögð til grundvallar. Um er að ræða nokkrar sviðsmyndir sem settar eru upp til að nálgast viðfangsefnið út frá hámarksþjónustu.

Stuðningsþjónusta (liðveisla, tilsjón, persónuleg ráðgjöf, námskeið)

Gróft mat á meðalfjölda þeirra klukkustunda í stuðningsþjónustu sem börn og unglingar fengu á árinu 2019 eru um 18 klukkustundir á mánuði.

Hámarksviðmið samkvæmt lögum um félagsþjónustu nr. 40/1991 er 15 klukkustundir á viku eða 60 klukkustundir á mánuði. Ef öll börn sem eru í þjónustu hjá velferðarsviði í dag fengju 15 klukkustundir á viku mætti gera ráð fyrir að heildarkostnaðurinn á ári yrði 1,3 milljarður. Miðað er við meðal einingarverð út frá stuðningsþjónustu, 3.900 kr. eins og hún er veitt í dag. Þá er þjónusta vegna liðveislu, tilsjónar, persónulegrar ráðgjafar, námskeiða (s.s. PMTO) meðtalin. Inni í þessu mati er ekki tekið tillit til sértækrar þjónustu eins og skammtímadvalar og heimila fyrir börn. Ef öll börn sem eru á bið eftir þjónustu fengju einnig 15 tíma að hámarki á viku yrði árlegur kostnaður um 2 milljarðar. Til samanburðar eru áætlaðar um 505 m.kr. fyrir þessa þjónustu í dag.

Sértæk úrræði (Skammtímadvalir og heimili fyrir börn)

Velferðarsvið rekur sértæk úrræði fyrir börn á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, s.s. skammtímadvalir og heimili. Reglurnar gera ekki ráð fyrir aukningu á veittri þjónustu og þar af leiðandi ekki kostnaðarauka.

Stuðningsfjölskyldur

Í reglunum er lagt er til að breyting verði á fjölda sólarhringa sem heimilt verði að veita til dvalar hjá stuðningsfjölskyldu og í stað 5-7 sólarhringa á mánuði verði hámarksdvöl 15 sólarhringar á mánuði. Á árinu 2019 hafa um 323 börn haft stuðningsfjölskyldu. Á bið eftir þjónustu eru um 152 börn. Áætlun ársins 2020 er um 198 m.kr. og fá stuðningsfjölskyldur greitt samkvæmt gjaldskrá velferðarsviðs Reykjavíkurborgar; sjá töflu hér fyrir neðan.

	2020
Lýsing	Verð
Greiðslur á sólarhring	22.675
Álagsgjald	29.445
Sérstakt álagsgjald	41.855
Stuðningsfjölskyldur fatlaðra einstaklinga	
Umönnunaflokkur 1	40.545
Umönnunaflokkur 2	31.375
Umönnunaflokkur 3	24.160

Að meðaltali er hvert barn í þjónustu í dag með um þrjá sólarhringa á mánuði. Ætla má að það verði ekki mikil breyting þar á. Í einstaka tilfellum verða veittir 15 sólarhringar á mánuði en þá má gera ráð fyrir að á móti verði dregið úr þörf fyrir skammtímadvöl.

Hér fyrir neðan má sjá þær þjónustuleiðir sem að reglurnar taka til, fjölda barna í þjónustu og á bið, meðalverð á þjónustu fyrir hvert barn og heildaráætlun ársins 2020.

Þjónustubáttur eins og hann er veittur í dag	Fjöldi		Meðalverð	Áætlun 2020
	barna í þjónustu	Fjöldi barna á bið		
Stuðningsþjónusta (<i>liðveisla, tilsjón, persónul.ráðgj. stuðn.heim</i>)	574	247	880 þkr.	505 m.kr.
PMTO og námskeið	333	309	144 þkr.	48 m.kr.
Stuðningsfjölskyldur	323	134	613 þkr.	198 m.kr.
Unglingasmiðjur	32	9	2.406 þkr.	77 m.kr.
Móvað og Þingvað	8	2	40.250 þkr.	322 m.kr.
Skammtímadvalir	156	22	5.288 þkr.	825 m.kr.
	1.426	723		1.975 m.kr.

Eins og sjá má eru úrræðin misdýr enda um að ræða ólík þjónustuför. Nýjum reglum er ætlað að ná betur fram hverjar raunverulegar þarfir fjölskyldunnar fyrir stuðning eru. Ekki verður lengur stuðst við stigafjölda til að ákvarða þjónustumagnið heldur verður stuðningur veittur eftir þörfum hverju sinni. Með því móti er talið að betur megi koma til móts við þarfir barna og fjölskyldna þeirra og betri nýtingu fjármagns.

Þann 1. janúar 2020 tók til starfa ný starfseining velferðarsviðs, Keðjan, en með tilkomu hennar verður stuðningsþjónusta veitt frá einum stað í stað fimm þjónustumiðstöðva. Með Keðjunni má ætla að betri nýting fjármagns náist í stuðningsþjónustunni, m.a bættri yfirsýn. betri nýtingu á tíma starfsfólks og áherslu á hópa- og námskeiðahald þvert á borgina. Með breyttu rekstrarformi má gera ráð fyrir ýmsum samlegðaráhrifum sem gert er ráð fyrir að dragi úr viðbótarkostnaði sem væri hugsanlegur vegna nýrra reglna. Velferðarsvið leggur til að framtíðarþjárför vegna stuðningsþjónustu verði metin að loknu heilu starfsári Keðjunnar þar sem gera megi ráð fyrir að reynsla verði komin á framkvæmd reglnanna að þeim tíma liðnum.

VI. Gildistaka:

Reglur þessar munu taka gildi þann 1.mars 2020. Samhliða er lögð fram tillaga til breytinga á núgildandi reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 30. maí 2012 og á fundi borgarráðs þann 7. júní 2012 með áorðnum breytingum, þar sem felld eru á brott ákvæði sem varða þá þjónustu sem fjallað er um í reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

Meðfylgjandi:

1. Jafnréttisskimun



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	26.11.2019
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsettra hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsroðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	26. nóvember 2019
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Kristjana Gunnarsdóttir
Verkefni/tillaga:	Nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra
Þjónustupáttur:	Stuðningsþjónusta
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	0 kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Markmiðið með nýjum reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra er að leysa að hluta til af hólmi núverandi reglur um stuðningsþjónustu. Með nýjum reglum er áherslan á veittan stuðning til barna og foreldra þeirra og byggja reglurnar á ákvæðum laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018., laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og barnaverndarlaga nr.80/2002.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Við gerð nýrra reglna á velferðarsviði eru jafnréttissjónarmið ávallt lögð til grundvallar þannig að þjónustan nýtist öllum kynjum jafnt. Við gerð þessara reglna voru þau sjónarmið nú sem endranær höfð að leiðarljósi en vissulega býður regluverkið upp á að einstaka þættir séu skoðaðir sérstaklega með tilliti til kynjaskiptingar þjónustuþega. Slíkt verkefni yrði skoðað við útfærslu reglnanna á framkvæmdastigi og þá metið hvort ástæða væri til jafnréttismats.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Börn og fjölskyldur þeirra.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa? Rökstyðjið.
Með nýjum reglum er verið að horfa til stuðnings við börn og fjölskyldur þeirra út frá heildaraðstæðum fjölskyldunnar með því markmiði að börn fái þann stuðning sem þörf er á hverju sinni óháð kyni, stöðu og fötlun.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Ekki á þessu stigi.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

I. kafli

Almennt um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. VII. og VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og 8. gr. sem og IV. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og barnaverndarlög nr. 80/2002.

Í reglum þessum er fjallað um stoð- og stuðningsþjónustu samkvæmt framangreindum lögum. Orðið stuðningur er í reglum þessum notað yfir þá þjónustu sem fellur undir framangreind ákvæði.

2. gr.

Markmið

Stuðningurinn er til handa foreldrum, forsjáraðilum og eftir atvikum vistunaraðilum við uppeldi barna eða til að styrkja þá í foreldrahlutverki sínu svo þeir geti búið börnum sínum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði. Einnig er stuðningurinn til handa börnum og fjölskyldum þeirra sem þurfa aðstoð vegna fötlunar, skerðinga, langvinnra veikinda og/eða félagslegra aðstæðna. Markmiðið er að styrkja stuðningsnet fjölskyldunnar svo að hún sé betur í stakk búin til að takast á við uppeldishlutverkið.

Lögð skal áhersla á að styrkja fatlaða foreldra við að halda heimili og taka þátt í samfélaginu. Leggja ber áherslu á sérhæfða ráðgjöf og félagslegan stuðning til þess að hvetja til félagslegs samneytis.

Þegar börnum er veittur stuðningur skal hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu og stuðlar að félagslegri aðlögun þess og þroska.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum skal ætíð koma fram í stuðningsáætlun, áætlun máls eða einstaklingsbundinni þjónustuáætlun, eftir því sem við á hverju sinni og vera í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð.

3. gr. Stuðningur

Stuðningur fyrir börn og fjölskyldur er til handa þeim sem þurfa aðstoð vegna félagslegra aðstæðna, skertrar getu, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur bæði innan heimilis og utan.

Við veitingu stuðnings til fjölskyldna skal ætíð leita eftir sjónarmiði barns eftir því sem aldur þess og þroski leyfir.

Um er að ræða eftirfarandi stuðning:

- a) *Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf*: Markmið með foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf er að aðstoða og leiðbeina foreldrum, forsjáraðilum eða vistunaraðilum við að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði og aðbúnað barna. Stuðningur er veittur innan sem utan heimilis, s.s. með aðstoð við heimilishald og ráðgjöf. Allur stuðningur miðar að því að mæta mismunandi þörfum foreldra og að því að valdefla þá í hlutverki sínu.
- b) *Námskeið*: Markmið námskeiða er að efla félagsfærni, uppeldisfærni og líðan barna og fjölskyldna.
- c) *Hópastarf fyrir 6-18 ára*: Markmið hópastarfs er að rjúfa félagslega einangrun og efla lífsleikni og samfélagsþátttöku. Lögð er áhersla á félagsfærni og athafnir sem krefjast samskipta auk þess að kenna barni að vera í hópi og efla sjálfstraust þess og jákvæð samskipti. Hópastarf er liður í að efla einstaklinga til aukinnar sjálfshjálpar.
- d) *Einstaklingsstarf fyrir 6-18 ára*: Markmið með einstaklingsstarfi er að rjúfa félagslega einangrun, efla lífsleikni, samfélagsþátttöku og efla börn til aukinnar sjálfshjálpar.
- e) *Stuðningsfjölskylda fyrir 0-18 ára*: Markmið með stuðningsfjölskyldu er að styðja foreldra í foreldrahlutverki sínu, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet barns eftir því sem við á og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku. Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi stuðningsfjölskyldu á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi. Leitast skal við að veita barninu stuðning inni á heimili þess eftir því sem kostur er. Dvöl hjá stuðningsfjölskyldu getur að hámarki verið 15 sólarhringar á mánuði en þó að hámarki sjö sólarhringar þegar mál barns er til vinnslu hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Dvöl barns í skammtímadvöl og hjá stuðningsfjölskyldu getur samanlagt verið að hámarki 15 sólarhringar á mánuði.

- f) *Skammtímadvöl fyrir fötluð börn eða börn með miklar þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára*. Markmið með skammtímadvöl er að gefa fötluðum börnum kost á að dvelja tímabundið utan heimilis síns þegar um er að ræða miklar stuðningsþarfir

umfram jafnaldra og til að styðja við fjölskyldu barnsins. Stuðningur í skammtímadvöl getur verið allt frá hluta úr degi og í allt að 15 sólarhringar í mánuði. Unnt er að veita stuðning inn á heimili barnsins í stað dvalar utan heimilis sé þess óskað.

Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi skammtímadvöl á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi.

Dvöl barns í skammtímadvöl og hjá stuðningsfjölskyldu getur samanlagt verið að hámarki 15 sólarhringar á mánuði.

- g) *Heimili fyrir fötluð börn eða börn með miklar þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára:* Markmið slíkra heimila er að veita börnum sem þess þurfa umfangsmikinn stuðning og aðgæslu allan sólarhringinn. Þessi úrræði eru aðeins veitt að undangengnu mati sérfræðingateymis velferðarráðuneytisins um að fullreynt hafi verið að styðja barn á heimili fjölskyldu eða í nærsamfélagi þess.

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um stuðning við börn og fjölskyldur verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðning samkvæmt reglum þessum.

- a) Umsækjandi og barn/börn hans sem umsókn lýtur að skulu eiga lögheimili í Reykjavík þegar sótt er um eða að mál viðkomandi barns/barna sé til vinnslu hjá Barnavernd Reykjavíkur.
- b) Umsækjandi skal hafa forsjá barns/barna sem umsókn lýtur að.
- c) Umsækjandi og barn/börn hans skulu vera metin í þörf fyrir stuðning samkvæmt matsviðmiðum á fylgiskjali 1 með reglum þessum.

Fatlað fólk sem er með lögheimili utan Reykjavíkur getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjendur skrái lögheimili sitt í Reykjavík þegar stuðningur hefst.

II. kafli

Umsóknir og mat

5. gr.

Aðgengi að stuðningi

Óski foreldri barns eftir ráðgjöf og stuðningi skal panta viðtal við ráðgjafa á þjónustumiðstöð. Sé mál til vinnslu hjá Barnavernd Reykjavíkur geta starfsmenn þar haft milligöngu varðandi stuðning samkvæmt reglum þessum.

Leiði viðtöl í ljós að þörf sé á stuðningi samkvæmt reglum þessum skal umsækjandi undirrita umsókn þar sem hann sækir um stuðning samkvæmt reglum þessum. Í kjölfar þess skal lagt mat á stuðningsþörf umsækjanda, samkvæmt matsviðmiðum á fylgiskjali 1. Stuðningurinn skal nánar útfærður í samvinnu við ráðgjafa.

6. gr.
Mat á stuðningsþörf

Mat á stuðningsþörf er gert í samvinnu við umsækjanda og ráðgjafa og tekur mið af þörfum fjölskyldunnar. Mat á stuðningsþörf fer fram á þjónustumiðstöðvum og/eða hjá Barnavernd Reykjavíkur, á heimili umsækjanda eða á öðrum vettvangi umsækjanda. Niðurstaða mats skal koma fram í áætlun máls. Við mat á stuðningsþörf er horft til heildaraðstæðna fjölskyldunnar og skipulags daglegs lífs. Markmiðið er ætíð að styðja fjölskylduna til að leita sem bestu mögulegu lausna hverju sinni.

Við mat á þörf og forgangsröðun skal líta til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- a. Færni/getu og styrkleika.
- b. Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- c. Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni.
- d. Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hafi fyrir umsækjanda.
- e. Annars veitts stuðnings.

Vísað er til matsviðmiða á fylgiskjali 1 með reglum þessum.

Sé niðurstaða mats sú að aðstæður barns og fjölskyldu séu með þeim hætti að ekki sé þörf á stuðningi samkvæmt reglum þessum, samkvæmt matsviðmiðum á fylgiskjali 1 með reglum þessum, ber að synja umsókninni.

7. gr.
Stuðningsáætlun

Áður en stuðningur hefst skal liggja fyrir áætlun um meðferð máls hjá Barnavernd Reykjavíkur ef um barnaverndarmál er að ræða en annars skal gera stuðningsáætlun eða einstaklingsbundna þjónustuáætlun. Þar skal m.a. koma fram gildistími samþykktar, hvers konar stuðningur verði veittur, verkefni og vinnutilhögun. Stuðningurinn skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig árangur verði metinn.

Í þeim tilvikum sem stuðningsþörf er viðvarandi skal 12 mánuðum áður en umsækjandi nær 18 ára aldri liggja fyrir áætlun um áframhaldandi stuðning.

8. gr.
Forgangsröðun umsókna

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 4. gr. reglna þessara skal um umsókn metin á grundvelli þeirra matsviðmiða sem tilgreind eru í 6. gr. og á fylgiskjali 1 með reglum þessum. Að mati loknu raðast umsóknir í forgangsröð á grundvelli viðmiða sem tilgreind eru á fylgiskjali 2 með reglum þessum. Þegar umsókn um stuðning hefur verið samþykkt er gerð stuðningsáætlun eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun og stuðningur getur hafist.

Ef fyrirséð er að stuðningurinn geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi er upplýstur um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. ákvæði reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu, nr. 1035/2018.

III. kafli

Framkvæmd

9. gr.

Tími og umfang stuðnings

Almennt er stuðningur veittur milli kl. 07:00 og 23:00 en þó skal ávallt taka mið af þörfum barns og fjölskyldu.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir í samráði við ráðgjafa. Um umfang stuðningsþjónustu vísast til 5. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, þar sem fram kemur að aðstoð geti numið allt að 15 klukkustundum á viku hvað varðar veitingu stuðningsþjónustu. Um stoðþjónustu vísast til laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

10. gr.

Gildistími og endurmat

Þegar stuðningur hefst skal uppfæra stuðningsáætlun og samþykka stuðning til ákveðins tíma, í fyrsta skipti til þriggja mánaða en að þeim tíma liðnum skal endurmeta fyrirkomulagið með tilliti til framlengingar. Eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti skal árangur metinn, gerðar viðeigandi breytingar eða stuðningi lokið.

Þegar breytingar verða á aðstæðum og högum fjölskyldu skal endurmeta stuðningsþörf. Í þeim tilvikum sem stuðningsþörf er viðvarandi þarf ekki að sækja um að nýju heldur skal endurnýja áætlun á tveggja ára fresti.

IV. kafli.

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og ákvæði VII. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

11. gr.
Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að beiðni um viðtal berst. Sama á við ef þjónustumiðstöð eða Barnavernd Reykjavíkur berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

12. gr.
Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á. Leita skal eftir afstöðu barns eða eftir atvikum hafa samráð við það, eftir því sem aldur og þroski þess leyfir, um málefni þess áður en ákvörðun um veitingu stuðnings er tekin.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar afgreiðslu umsókna um stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

13. gr.
Endurskoðun

Rétt til stuðnings samkvæmt reglum þessum má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans.

14. gr.
Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stuðning samkvæmt reglum þessum er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það ógildi umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

15. gr.
Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara

samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

16. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

17.gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

18. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs fjalli um umsóknina en slík beiðni skal berast áfrýjunarnefnd velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs skal kynnt umsækjanda bréflaga og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

19. gr.

Heimild áfrýjunarnefndar Reykjavíkurborgar til að veita undanþágu frá reglum þessum

Áfrýjunarnefnd Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til áfrýjunarnefndar Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

20. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs.

21. gr.

Gildistaka

Reglur þessar kveða á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita og eru settar með stoð í VII. og VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, 8. gr. sem og IV. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og barnaverndarlög nr. 80/2002.

Reglur þessar öðlast gildi þann 1. mars 2020.

Bráðabirgðaákvæði I

Umsóknir sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna halda gildi sínu í allt að 24 mánuði eftir gildistöku reglna þessara. Á þeim tíma fer, eftir atvikum, fram endurskoðun á umsóknum eða þær falla úr gildi ef ekki er lengur þörf fyrir stuðninginn.

Fylgiskjal 1

Mat á stuðningsþörf samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

Grundvallargildi við mat á stuðningsþörfum

- Matið tekur til heildaraðstæðna fjölskyldna.
- Foreldrar þekkja börn sín best og vilja þeim það besta.
- Börn og fjölskyldur eru ólík og einstök.
- Börn dafna best í fjölskyldu og samfélagi þar sem stuðningur er góður.
- Heildaraðstæður fjölskyldna hafa áhrif á líðan og hegðun barns.

Vinna skal í samstarfi við foreldra og börn við að greina þarfir og forgangsraða út frá þeirra eigin sjónarhorni.

Við mat á stuðningsþörf skal horft eftirfarandi atriða og við lok mats skal tekin saman niðurstaða ráðgjafa/fagfundar/teymis :

- 1. Færni/geta og styrkleikar**
 - a. Færni og styrkleikar
 - b. Samskipti og félagsleg virkni
 - c. Áhugamál
 - d. Umönnunar – og stuðningsþörf (ef við á)
- 2. Félagslegar aðstæður og tengslanet**
 - a. Fjölskylduaðstæður
 - b. Nánasta tengslanet
 - c. Ráðgjöf og stuðningur utan Reykjavíkurborgar
 - d. Líðan barns/barna
- 3. Samfélagsleg þátttaka, valdefling og virkni**
 - a. Samskipti og félagsleg virkni
 - b. Virkni í skóla, frístund, frítíma og/eða vinnu
- 4. Önnur atriði (ef við á)**
 - a. SIS- mat
 - b. Umönnunarmat (TR flokkur)
 - c. Umönnunarmat (TR prósentu)
 - d. Fötlunargreining og/eða aðrar greiningar sem taldar eru skipta máli við mat á stuðningsþörf
 - e. Upplýsingar um fötlun/líkamlegt heilsufar
 - f. Stuðningsþarfir
 - g. Annað sem umsækjandi vill taka fram varðandi fötlun eða andlega og líkamlega heilsu
 - h. Virk einstaklingsbundin þjónustuáætlun eða einstaklingsáætlun
 - i. Aðrar mikilvægar upplýsingar

Fylgiskjal 2.

Forgangsöröðun samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

Við mat á forgangi er byggt á matsviðmiðum, á fylgiskjali 1, þar sem litið er til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- Færni, getu og styrkleika
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets
- Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu á stuðningi hafi fyrir umsækjanda
- Annars stuðnings sem viðkomandi fær

1. Neyðarástand.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru með þeim hætti að veita þarf stuðning tafarlaust. Um er að ræða stuðning s.s. þegar barni er hætta búin og mál þess er til meðferðar hjá Barnavernd Reykjavíkur, alvarleg áföll verða eða veikindi koma upp. Töf á veitingu stuðnings hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir notendur.

2. Snemmtæk íhlutun.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru með þeim hætti að grípa þarf inn í aðstæður fjölskyldu í forvarnarskyni, til þess að fyrirbyggja þróun til verri vegar og þörf fyrir meiri háttar inngrip síðar meir. Töf á veitingu stuðnings hefur miklar afleiðingar í för með sér fyrir notendur.

3. Stuðningur til staðar.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru með þeim hætti að viðeigandi stuðningur er til staðar og mikilvægt er að viðhalda honum. Áframhaldandi stuðningur er nauðsynlegur. Einnig getur verið um að ræða umsækjendur sem eru með langvarandi stuðningsþarfir.

4. Töf hefur óverulegar afleiðingar.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru ekki með þeim hætti að veita þurfi stuðninginn strax, m.a. með hliðsjón af félagslegum aðstæðum og öðrum veittum stuðningi. Töf á veitingu stuðnings hefur óverulegar afleiðingar.